

Nd.

215. Frumvarp

til laga um brýr á Hofsá og Selá i Vopnafirði.

Flutningsmenn: Jón Jónsson og Þorsteinn M. Jónsson.

Landsstjórnin skal láta brúa Hofsá og Selá i Vopnafirði, þegar fje verður veitt til þess i fjárlögum. Leggur landssjóður fram $\frac{2}{3}$ kostnaðarins.

Ástæður.

Ár þessar eru báðar mjög vatnsmiklar og illar yfirferðar. Hefir landsverkfræðingur mælt brúarstæði á þeim og áætlað kostnað. Sýslufjelaginu og hreppnum er um megn að brúa þessar ár á sinn kostnað einvörðungu, og nokkrar minni ár eru þegar brúaðar fyrir landssjóðsfje, þótt á sýsluvegum sjeu.

Valda ár þessar miklum farartálma fyrir Vopnfirðinga og aðra ferðamenn, og margvislegu tjóni fyrir Vopnfirðinga, einkum á fjenaði, sem nú er ferjaður eða rekinn yfir árnar á vorin, þegar honum er komið á afrjett. Sama hrakninginn fær fjeð á haustin, þegar það kemur úr afrjettum. Ferst oft fje hjá mönnum í ánum á þessum hrakningi.